

Palomo Sanchez o.fl. gegn Spáni - Yfirdeild

Dómur frá 12. september 2011

Mál nr. 28955/06, 28957/06, 28959/06 og 28964/06

10. gr. Tjáningarfrelsi

Tjáningarfrelsi starfsmanna. Viðurlög. Stéttarfélög.

1. Málsatvik

Kærendur eru fjórir spænskir ríkisborgarar búsettir í Barcelona. Þeir störfuðu áður við vöruflutninga hjá fyrirtækinu P og voru jafnframt í stjórn stéttarfélags starfsmanna fyrirtækisins. Þeim var sagt upp störfum í júní 2002 eftir að skopmynd birtist á forsíðu fréttabréfs stéttarfélagsins þar sem gefið var til kynna að tilteknir tveir starfsmenn fyrirtækisins ættu, eða hygðust eiga, munnmök við starfsmannastjóra þess. Í fréttablaðinu voru einnig tvær greinar þar sem gagnrýnt var með grófu orðfæri að þessir tveir starfsmenn hefðu borið vitni í dómsmáli sem kærendur ráku gegn P.

Kærendur töldu uppsögnina ólögmæta og höfðuð mál gegn P til viðurkenningar á því. Spænskir dómstólar töldu að kærendur hefðu farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis og að P hefði verið heimilt að segja þeim upp störfum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að uppsögn þeirra hefði brotið í bága við réttindi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Einnig töldu þeir að raunveruleg ástæða uppsagnanna hefði verið þátttaka kærenda í starfsemi stéttarfélagsins og að þar með hefði verið brotið gegn réttindum þeirra samkvæmt 11. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn fjallaði einungis um þá spurningu hvort uppsögn kærenda hefði verið heimil í ljósi 10. gr. sáttmálans í ljósi þeirrar verndar sem 11. gr. sáttmálans veitti starfsemi stéttarfélaga. Ekki þyrfti því að taka síðargreinda ákvæðið til sérstakrar skoðunar.

Dómstóllinn taldi að spænskir dómstólar hefðu skoðað málsatvik gaumgæfilega með hliðsjón af réttindum kærenda. Sú niðurstaða þeirra að umfjöllun kærenda hefði verið gróf var ekki dregin í efa. Gera yrði greinarmun á gagnrýni og móðgunum en heimilt væri í sumum tilvikum að ákveða mönnum viðurlög fyrir að móðga aðra. Viðbrögð spænskra dómstóla hefðu stefnt að því lögmæta markmiði að vernda mannorð annarra.

Dómstóllinn tók fram að þótt umfjöllun kærenda hefði verið liður í vinnudeilu stéttarfélags gagnvart fyrirtæki hefði hún beinst að tveimur almennum starfsmönnum fyrirtækisins auk starfsmannastjóra þess. Svigrúm manna til að láta í ljós gagnrýni væri takmarkaðra þegar um væri að ræða almenna borgara en ekki stjórnáðamaðra eða embættismenn. Enda þótt vinnudeilan hefði varðað málefni sem hefði þýðingu fyrir almenning eða a.m.k. fyrir starfsmenn P taldi dómstóllinn að kærendur hefðu farið út fyrir það svigrúm sem þeir nutu í skjóli tjáningarfrelsis. Var einkum litið til þess hversu gróf umfjöllun kærenda var. Í því samhengi benti dómstóllinn sérstaklega á að umfjöllunin hefði verið sett fram skriflega með löngum undirbúningi á opinberum vettvangi. Dómstóllinn leit einnig til þess að kærendur hefðu haft ákveðnar trúnaðarskyldur gagnvart fyrirtækinu P, sem aðilar vinnudeilna báru hverjir gagnvart öðrum.

Af þessum sökum taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn réttindum kærenda samkvæmt 10. gr., sbr. 11. gr., sáttmálans.